

## Úrskurður nr. 14/2008

**Kærð er endurákvörðun tollstjóra vegna rangrar tollflokunar. Endurákvörðunin tekur til 15 vörusendinga. Ríkistollanefnd staðfesti úrskurð tollstjóra.**

Með bréfi, sem boðsent var ríkistollanefnd 18. september 2008, kærir A., úrskurð tollstjóra nr. 36/2008, dags. 12. ágúst 2008. Í nefndum úrskurði eru gjöld endurákvörðuð vegna breytinga á tollflokun á alls 15 vörusendingum sem tollafgreiddar voru á árunum 2004-2005. Um ýmiss konar vöru er að ræða s.s. drykkjarvöru, matvöru og hreinlætis- og snyrtivöru. Kröfur kæranda eru óljósar, en hann heldur því fram að tollstjóri hafi beitt hann órétti og hann mótmælir töku dráttarvaxta við endurákvörðun aðflutningsgjalda.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra nr. 36/2008 segir m.a. um aðdraganda málsins að innflytjanda hafi verið tilkynnt með bréfi dags. 6 júní 2008 að til þess gæti komið að til endurákvörðunar aðflutningsgjalda gæti komið af eftirtöldum sendingum sem fyrirtækið, A hafi tollafgreitt:

Sendingarnúmer	Tollafgreiðsludagur:
F 630 02 07 5 US BOS K031	07.07.2005
F 630 20 05 5 US BOS K033	16.06.2005
F 632 15 01 5 US BOS K051	10.02.2005
F 630 16 04 5 US BOS K031	25.05.2005
F 632 15 07 4 US BOS K031	26.08.2004
F 632 17 08 4 US BOS K009	16.11.2004
F 632 22 06 4 US BOS K013	14.07.2004
F 632 23 10 4 US BOS K037	12.11.2004
F 632 01 04 4 US BOS K029	08.06.2004
F 632 02 06 4 US BOS K013	14.01.2005
F 632 12 12 4 US BOS K044	13.01.2005
F 632 24 09 4 US BOS K022	08.10.2004
D 810 16 02 5 GB EMA 0832	17.02.2005
S ARN 09 11 5 SE VAG J741	25.11.2005
F 767 30 10 5 BE LGG 4815	01.11.2005

Þá segir í endurákvörðun tollstjóra að fyrirhuguð endurákvörðun byggist á þeim ástæðum sem tíundaðar eru í þeim sendingum sem endurákvarðað er af en þær eru:

1. F 630 02 07 5 US BOS K031

Framangreind sending var tollflokkuð í tnr. 1806-9012, 2106-9025, 2106-9069. Samkvæmt fyrirliggjandi vöruheikningum frá Now International reikningar nr. 516686, 516654, 516799 dags.

28.06.2005 sem lagðir voru til grundvallar tollafgreiðslu er um að ræða kaup á, soy protein whey protein (próteindrykkir) vörunr. 2152,5975 (96stk) verðmæti \$404,40. Sjá meðfylgjandi ljósrit af vörureikningum. Að mati embættisins ber að tollflokka próteindrykki/tilreiddar drykkjarvörur í tnr. 2106-9025.

Fyrirhuguð breyting mun leiða til þess að á tnr. 2106-9025 mun reiknast 20% tollur (A) 14% virðisaukaskattur (Ö1) 80 kr kg. vörugjald (XA).

## 2. F 630 20 05 5 US BOS K033

Framangreind sending var tollflokkuð í tnr. 2106-9069. Samkvæmt fyrirleggjandi vörureikningum frá Now International reikningar nr. 494359 dags. 10.05.2005 og 496480 dags. 16.05.2005 sem lagðir voru til grundvallar tollafgreiðslu er um að ræða kaup á green phytofoods powder glutamin powder (próteindrykkir/tilreiddar drykkjarvörur) vörunr. 2705,0220,(240stk) verðmæti \$2157,60. Sjá meðfylgjandi ljósrit af vörureikningum. Að mati embættisins ber að tollflokka próteindrykki/tilreiddar drykkjarvörur í tnr. 2106-9025, fæðubótarefni/vítamín í tnr. 2106-9069 verðmæti \$15945,92.

Fyrirhuguð breyting mun leiða til þess að á tnr. 2106-9025 mun reiknast 20% tollur (A) 14% virðisaukaskattur (Ö2) 80 kr. kg. vörugjald (XA).

## 3. F 632 15 01 5 US BOS K051.

Framangreind sending var tollflokkuð í tnr. 21606-9025, 2106-9069, 3301-1900. Samkvæmt fyrirleggjandi vörureikningum frá Now International reikningar nr. 434327, 434305, 434331 dags. 10.02.2005 sem lagðir voru til grundvallar tollafgreiðslu er um að ræða kaup á green phytofoods powder psyllium husk ascorbic powder, ester-c powder (próteindrykkir/tilreidd drykkjarvara) vörunr. 2705, 5975, 0790, 0795 (175stk) verðmæti \$1545,58, mango butter pure shea butter organic citrus soap organic honeyblossom soap (sápa) vörunr. 7732, 7758, 8051, 8054 (48stk) verðmæti \$169,92 rosewater concentrate (fljótandi sápa) vörunr. 7755 (12stk) verðmæti \$29,88, deodorant (lyktareyðir) vörunr. 8067 (12stk) verðmæti \$42,84, aloe vera gel (krem/gel) vörunr. 90010 (24stk) verðmæti \$84,00, flax seed oil (olía) vörunr. 1760 (36stk) verðmæti \$153,00. Sjá ljósrit af vörureikningi. Að mati embættisins ber að tollflokka próteindrykki/tilreiddar drykkjarvörur í tnr. 2106-9025 flax seed oil í tnr. 1515-9009 sápuþykki í tnr. 3401-1101 fljótandi sápa í tnr. 3401-2001, aloa vera gel í tnr. 3304-9900.

Fyrirhuguð breyting mun leiða til þess að á tnr. 2106-9025 mun reiknast 20% tollur (A) 14% virðisaukaskattur (Ö1) 80 kr. kg vörugjald (XA), tnr. 1515-9009 mun reiknast 24,5,% virðisaukaskattur (Ö2), tnr.um 3401-1101,3401-2001,3304-9901 mun reiknast 10% tollur (A) 24,5% virðisaukaskattur (Ö2).

## 4. F 630 16 04 5 US BOS K031.

Framangreind sending var tollflokkuð í tnr. 1806-9012, 2106-9025, 2106-9069, 2924-2980, 3301-2900, 3304-9900, 3307-9009, 3506-9900. Samkvæmt fyrirleggjandi vörureikningum frá Now International reikningar nr. 479331 08.04.2005 og 478806 dags. 7.04.2007 sem lagðir voru til grundvallar tollafgreiðslu er um að ræða kaup á deodorant stick (lyktareyði) vörunr. 8067 (12stk) verðmæti \$32,16, aloe vera juice (djús) vörunr. 90007 (120stk) verðmæti \$546,00, psyllium husk ,ascorbic acid powder, ester-C powder (próteindrykkir/tilreidd drykkjarvara) vörunr. 5975,0790,0795 (108stk) verðmæti \$571,68. Sjá ljósrit af vörureikningi. Að mati embættisins ber að tollflokka lyktareyði

í tnr. 3307-2000, aloe vera juice í tnr. 2202-9094 (ltr. 108) próteindrykkir/tilreiddar drykkjarvörur í tnr. 2106-9025.

Fyrirhuguð breyting mun leiða til þess að á tnr. 3307-2000 mun reiknast 10% tollur (A) 24,5% virðisaukaskattur (Ö2), tnr. 2106-9025 mun reiknast 20% tollur (A) 14% virðisaukaskattur (Ö1) 80 kr. kg vörugjald (XA), tnr. 2202-9094 mun reiknast 20% tollur (A) 9,73 skilagjald (GD) 8 kr. lítragjald/vörugjald (XB).

#### 5. F 632 15 07 4 US BOS K031.

Framangreind sending var tollflokkuð í tnr. 1806-9012, 2106-9025 og 2106-9069. Samkvæmt fyrirleggjandi vörureikningum frá Now International reikningar nr. 352998 dags. 09.07.2004 og reikningur nr. 352874 dags. 08.07.2004 sem lagðir voru til grundvallar tollafgreiðslu er um að ræða kaup á, suprem soy powder, green powder, spirulina, effer-c, c-complex, lecithin granules (próteindrykkir/tilreiddar drykkjarvörur) vörunr. 2158, 2655, 2690, 2705, 0595, 0770, 2250, 2252 (207stk) verðmæti \$1,212,48, poly t-shirt bags (plastpokar) vörunr. 8350 (1000bgs) verðmæti \$71,85, coconut oil (kókosolía) vörunr. 7683 (24stk) verðmæti \$40,56. Sjá ljósrit af vörureikningi. Að mati embættisins ber að tollflokka próteindrykki/tilreiddar drykkjarvörur í tnr. 2106-9025, plastpoka í tollskránum 3923-2109, coconut oil pure í tnr. 1513-1109

Fyrirhuguð breyting mun leiða til þess að á tnr. 2106-9025 mun reiknast 20% tollur (A) 14% virðisaukaskattur (Ö1) 80 kr. kg vörugjald (XA), tnr. 3923-2109 mun reiknast 5% tollur (A) 24,5% virðisaukaskattur (Ö2), tnr. 1513-1109 mun reiknast 24,5% virðisaukaskattur (Ö2).

#### 6. F 632 17 08 4 US BOS K009.

Framangreind sending var tollflokkuð í tnr. 2106-9025, 2106-9069, 4901-9909, 6109-1000. Samkvæmt fyrirleggjandi vörureikningum frá Now International reikningar nr. 368661 og 368593, dags. 12.08.2004 sem lagðir voru til grundvallar tollafgreiðslu er um að ræða kaup á, t- shirts poly bags (plastpokar) vörunr. 8350 (1000bgs) verðmæti \$71,85. oregano oil (kryddolía) vörunr. 7573 (12stk) verðmæti \$73,08, próteindrykkir/tilreiddar drykkjarvörur (126stk) vörunr. 2250 2252, verðmæti \$272,16. Sjá ljósrit af vörureikningi. Að mati embættisins ber að tollflokka plastpoka í tnr. 3923-2109, kryddolía í tnr. 1510-0009, próteindrykkir/tilreiddar drykkjarvörur í tnr. 2106-9025.

Fyrirhuguð breyting mun leiða til þess að á tnr. 3923-2109 mun reiknast 5% tollur (A) 24,5% virðisaukaskattur (Ö2), tnr. 2106-9025 mun reiknast 20% tollur (A) 14% virðisaukaskattur (Ö1) 30 kr kg. vörugjald (XA), tnr. 1510-0009 mun reiknast 24,5% virðisaukaskattur (Ö2).

#### 7. F 632 22 06 4 US BOS K013.

Framangreind sending var tollflokkuð í tnr. 1806-9012 2106-9069 4901-9909,6109-9009. Samkvæmt fyrirleggjandi vörureikningum frá Now International reikningar nr. 343632 dags. 18.06.2004 reikningur nr. 343528 dags. 17.06.2004 sem lagðir voru til grundvallar tollafgreiðslu er um að ræða kaup á, flax oil liquid (kryddolía) vörunr. 1783 (24stk) verðmæti \$104,16, whey protein, (próteindrykkir/tilreiddar drykkjarvörur) vörunr. 2178 2185 (48stk) verðmæti \$475,20, t-shirts bags (pokar) vörunr. 8350, (1000bgs) verðmæti \$47,90, aloe vera juice 32oz (djús) vörunr. 90007 (80stk) verðmæti \$302,40. Sjá ljósrit af vörureikningum. Að mati embættisins ber að tollflokka, flax oil liquid í tnr. 1510-0009, próteindrykki/tilreiddar drykkjarvörur í tollskránum 2106-9025, plastpoka í tnr. 3923-2109, aloe vera juice í tnr. 2202-9096 og lítratala 72..

Fyrirhuguð breyting mun leiða til þess að á tnr. 1510-0009 reiknast 24,5% virðisaukaskattur (Ö2), tnr. 2106-9025 mun reiknast 20% tollur (A) 14% virðisaukaskattur (Ö1) 30 kr. kg vörugjald (XA), tnr. 3923-2109 mun reiknast 5% tollur (A) 24,5% virðisaukaskattur (Ö2,) tnr. 2202-9096 mun reiknast 20% tollur (A) 24,5% virðisaukaskattur (Ö2) 9,03 kr skilagjald (GF) 8 kr. lítragjald (XB).

#### 8. F 632 23 10 4 US BOS K037.

Framangreind sending var tollflokkuð í tnr. 2106-9025 og 2106-9069. Samkvæmt fyrirliggjandi vörureikningum frá Now International reikningar nr. 394378 dags. 11.10.2004, reikningar nr. 398169 dags. 19.10.2004, reikningur nr. 397717 dags. 18.10.2004 sem lagðir voru til grundvallar tollafgreiðslu er um að ræða kaup á, olive oil (olive olía) vörunr. 1830 (2stk) verðmæti \$79,92, flax oil (kryddolía) vörunr. 1783 (24stk) verðmæti \$104,16, xyliyol (sykur) vörunr. 6983 (24stk) verðmæti \$95,76, aloe vera juice (djús) vörunr. 90007 (41stk) verðmæti \$154,98. Sjá ljósrit af vörureikningi. Að mati embættisins ber að tollflokka, olive olía í tnr. 1510-0009, krydd olía í tnr. 1515-9009, sykur í tnr. 1701-900, djús í tnr. 2202-9094 lítratala 36,9.

Fyrirhuguð breyting mun leiða til þess að á tnr. 1510-0009 og 1515-9009 mun reiknast 24,5% virðisaukaskattur (Ö2), tnr. 1701-9003 mun reiknast 14% virðisaukaskattur (Ö1) 30 kr kg vörugjald (XA), tnr. 2202-9094 mun reiknast 20% tollur (A) 24,5% virðisaukaskattur (Ö2) 9,73 kr skilagjald (GD) 8 kr. ltr vörugjald (XA).

#### 9. F 632 01 04 4 US BOS K029.

Framangreind sending var tollflokkuð í tnr. 2106-9025 2106-9069 og 2924-2980. Samkvæmt fyrirliggjandi vörureikningum frá Now International reikningur nr. 307288 dags. 26.03.2004, reikningur nr. 302742 dags. 17.03.2004, reikningur nr. 304188 dags. 22.03.2004, reikningur nr. 307440 dags. 26.03.2004 sem lagðir voru til grundvallar tollafgreiðslu er um að ræða kaup á glutamine powder, creatine micronized (próteindrykkjum/tilreiddum drykkjarvörum) vörunr. 0220,2038, (84stk) verðmæti \$673,68. Sjá ljósrit af vörureikningi. Að mati embættisins ber að tollflokka próteindrykki/tilreiddar drykkjarvörur í tnr. 2106-9025.

Fyrirhuguð breyting mun leiða til þess að á tnr. 2106-9025 mun reiknast 20% tollur (A) 14% virðisaukaskattur (Ö1) 30 kr kg vörugjald (XA).

#### 10. F 632 02 06 4 US BOS K013.

Framangreind sending var tollflokkuð í tnr. 2106-9025 2106-9069 2924-2980 3301-1900 4901-9909. Samkvæmt fyrirliggjandi vörureikning frá Now International reikningur nr. 334537 dags. 24.05.2004 sem lagður var til grundvallar tollafgreiðslu er um að ræða kaup á c-complex, whey protein, echinacea glycerite, glutamine pure (próteindrykkir/tilreiddum drykkjarvörum) vörunr. 0770 2172 4838 0220 (206stk) verðmæti \$1213,32, aloe vera juice (djús) vörunr. 90007 (60stk) verðmæti \$226,80 ltr. 56,4, aloe vera gel vörunr. 900010 (24stk) verðmæti \$84,00. Sjá ljósrit af vörureikningi. Að mati embættisins ber að tollflokka próteindrykki/tilreiddar drykkjarvörur í tnr. 2106-9025, djús í tnr. 2202-9096, aloe vera gel í tnr. 3304-9900.

Fyrirhuguð breyting mun leiða til þess að á tnr. 2106-9025 mun reiknast 20% tollur (A) 14% virðisaukaskattur (Ö1) 30 kr. kg. vörugjald (XA), tnr. 2202-9096 mun reiknast 20% tollur (A) 24,5% virðisaukaskattur (Ö2) 9,03 kr. skilagjald (GF) 8 kr. ltr. vörugjald (XB), tnr. 3304-9900 10% tollur (A) 24,5% virðisaukaskattur (Ö2).

11. F 632 12 12 4 US BOS K044.

Framangreind sending var tollflokkuð í tnr. 2106-9069 3301-1900 4901-9909 6109-1000. Samkvæmt fyrirbyggjandi vörureikningum frá Now International reikningur nr. 421050 dags. 08.12.2004, reikningur nr. 421013 dags. 08.12.2004 og reikningur nr. 419216 dags. 03.12.2004 sem lagðir voru til grundvallar tollafgreiðslu er um að ræða kaup á glutamine pure, c-complex powder, whey protein, fresh green blk wlnut ect (próteindrykkir/tilreiddum drykkjarvörum) vörunr. 0220 0770 2172 4982 (192stk) verðmæti \$1171,32, t-shirt poly bags (plastpokar) vörunr. 8350 (10stk) verðmæti \$239,50. Sjá ljósrit af vörureikningi. Að mati embættisins ber að tollflokka próteindrykki/tilreiddar drykkjarvörur í tnr. 2106-9025, plastpoka í tnr. 3923-2109.

Fyrirhuguð breyting mun leiða til þess að á tnr. 2106-9025 mun reiknast 20% tollur (A) 14% virðisaukaskattur (Ö1) 30 kr kg vörugjald (XA), tnr. 3923-2109 mun reiknast 5% tollur (A) 24,5% virðisaukaskattur (Ö2).

12. F 632 24 09 4 US BOS K022.

Framangreind sending var tollflokkuð í tnr. 1806-9012 2106-9025 2106-9069 4901-9909. Samkvæmt fyrirbyggjandi vörureikningum frá Now International reikningur nr. 385033 dags. 20.09.2004, reikningur nr. 385013 dags. 20.09.2004, reikningur nr. 381358 dags. 13.09.2004 sem lagðir voru til grundvallar tollafgreiðslu er um að ræða kaup á c-complex powder, green phytofoods powder, inulin powder, acidophilus, echinacea glycerite, (próteindrykkir/tilreiddum drykkjarvörum) vörunr. 0770, 2705, 2944, 2916, 4838, (342stk) verðmæti \$2615,40, aloe vera juice, (djús) vörunr. 90000 (24stk) verðmæti \$97,44, aloe vera gel (krem) vörunr. 90010 (36stk) verðmæti \$126,00. Sjá ljósrit af vörureikningi. Að mati embættisins ber að tollflokka próteindrykki/tilreiddar drykkjarvörur í tnr. 2106-9025, krem í tnr. 3304-9900, djús í tnr. 2202-9096 ltr. 22,56.

Fyrirhuguð breyting mun leiða til þess að á tnr. 2106-9025 mun reiknast 20% tollur (A) 14% virðisaukaskattur (Ö1) 30 kr kg. vörugjald (XA), tnr. 2202-9096 mun reiknast 20% tollur (A) 24,5% virðisaukaskattur (Ö2) 9,03 kr. skilagjald (GF) 8 kr. ltr. vörugjald (XB), tnr. 3304-9900 mun reiknast 10% tollur (A) 24,5% virðisaukaskattur (Ö2)..

13. D 810 16 02 5 GB EMA 0832.

Framangreind sending var tollflokkuð í tnr. 3306-9020. Samkvæmt fyrirbyggjandi vörureikning frá Crystal Breath inc. reikningur nr. 0007413 dags. 26.01.2005 sem lagður var til grundvallar tollafgreiðslu er um að ræða kaup á breath mints individual packs (andremmutöflum) vörunr. 12927 12926 12117 12480 (15600stk) verðmæti \$5178,20. Sjá ljósrit af vörureikningi. Að mati embættisins ber að tollflokka andremmutöflur (breath mints) í tnr. 1704-9009.

Fyrirhuguð breyting mun leiða til þess að á tnr. 1704-9009 mun reiknast 20% tollur (A) 24,5% virðisaukaskattur (Ö2) 60 kr kg vörugjald (XA).

14. S ARN 09 11 5 SE VAG J741.

Framangreind sending var tollflokkuð í tnr. 2106-9069 2009-8025 0902-1000. Samkvæmt fyrirbyggjandi vörureikning frá Friggs AB. reikningur nr. 5402441 dags 21.11.2005 sem lagður var til grundvallar tollafgreiðslu er um að ræða kaup á c-vítamín appelsín, citron, exotisk, jordgubb, bruss citrus, mango passion, echinacea brus, magnesium brus, kalcium brus, járn+c brus multivítamín (freyðivítamín) vörunr. 280065, 280073, 280075, 280077, 280354, 280355, 281005, 280356, 280358, 280360,

280352 (870 stk) verðmæti Sek. 122,874, morotsjuice (djús) vörunr. 601057 (20stk) verðmæti Sek. 2296,80 ltr.120, grönt te w/vanilla (grænt te) vörunr. 602380 (20stk) verðmæti Sek. 2196,00. Sjá ljósrit af vörureikningi. Að mati embættisins ber að tollflokka freyðivítamín í tnr. 2106-9039, blandaður djús í tnr. 2202-1095, grænt te nettóþyngd samkvæmt vörureikning á að vera 90 kg.

Fyrirhuguð breyting mun leiða til þess að á tnr. 2106-9039 mun reiknast 20% tollur (A) 14% virðisaukaskattur (Ö2) 80 kr kg vörugjald (XA), 2202-1095 mun reiknast 20% tollur (A) 24,5% virðisaukaskattur (Ö2) 9,03 kr skilagjald (GE) 8 kr lítragjald vörugjald (XB), tnr. 0902-1000 mun reiknast 14% virðisaukaskattur (Ö1) 35 kr kg vörugjald (XA).

15. F 767 30 10 5 BE LGG 4815.

Framangreind sending var tollflokkuð í tnr. 2936-2700 og 2936-9000. Samkvæmt fyrirleggjandi vörureikning frá C-Hedenkamp reikningur nr. 10659 dags. 24.10.2005 sem lagður var til grundvallar tollafgreiðslu er um að ræða kaup á gmo vítamín c-zitrone, echinacea+c+z braustabletter, c-orange, erdbeer, multi vítamín braustabletter, multi +mineral, calsiium +d (freyðivítamínur) vörunr. 3030 3040 3020 3010 3050 3070 3060 (24,348stk). Sjá ljósrit af vörureikningi. Að mati embættisins ber að tollflokka freyðivítamín í tnr. 2106-9039.

Fyrirhuguð breyting mun leiða til þess að á tollskránum 2106-9039 mun reiknast 20% tollur (A) 14% virðisaukaskattur (Ö1) 80 kr kg. vörugjald (XA).

Þá segir í úrskurði tollstjóra að í bréfi dags. 6. júní 2008 sem sent var innflytjanda um fyrirhugaða endurákvörðun, hafi verið tilgreindar 23 sendingar en eftir frekari athugun hafi komið í ljós að ákveðið hafi verið að falla frá endurákvörðun á 8 sendingum.

Niðurstöður tollskrárflokkunar þessarar eru byggðar á túlkunarreglum nr. 1 og 6 við tollskrá en þar segir að fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum séu einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skal tollflokkun byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla. Brjótí það ekki í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda skal fylgja meðal annars 6 túlkunarreglu við tollskrá. Þar kemur fram að í lagalegu tilliti skuli flokkun vara í undirliði einstakra vöruliða byggð á orðalagi undirliðanna og sérhverri tilheyrandi athugasemda við undirliði og, að breyttu breytanda, framangreindum reglum, með því fororði að aðeins jafnsettir undirliðir verði bornir saman. Viðkomandi athugasemdir við flokka og kafla gilda einnig með tilliti til þessarar reglu, nema annað leiði af orðalagi

Þá segir að innflytjanda hafi verið gefinn frestur til andmæla og framlagningu gagna eftir því sem við gæti átt. Innflytjandi hafi haft samband við embættið og óskað eftir lengri fresti. Orðið var við þeirri beiðni en engin skrifleg andmæli hafi borist frá innflytjanda.

Tollstjóri telur að aðflutningsgjöld af umræddum sendingum hafi ekki verið rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu og ákveður að endurávarða aðflutningsgjöld af umræddum sendingum í samræmi við 5. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987.

“Upphæð vangreiddra aðflutningsgjalda vegna sendingar,

F 630 02 07 5 US BOS K031

Tollur	kr.	5912
Vörugjald (XA)	kr.	160
Virðisaukask. (Ö1)	kr.	849
Dráttarv. (DRV)	kr.	5508

Samtals. kr. 12,429

F 630 20 05 5 US BOS K033

Tollur kr. 31,193

Vörugjald (XA) kr. 13,600

Virðisaukask.(Ö!) kr. 6272

Dráttarv. (DRV) kr. 41,497

Samtals. kr. 92,562

F 632 15 01 5 US BOS K051

Tollur kr. 14904

Vörugjald (XA) kr. 2080

Virðisaukask.(Ö1) kr. 4871

Virðisaukask(Ö2) kr. - 4362

Dráttarv. (DRV) kr. 16271

Samtals kr. 33,764

F 630 16 04 5 US BOS K031

Tollur kr. 15,763

Vörugjald (XA) kr. óbreytt

Virðisaukask (Ö1) kr. - 4231

Virðisaukask (Ö2) kr. 11,765

Skilagjald (GD) kr. 1168

Vörugjald (XA) kr. 864

Dráttarv. (DRV) kr. 23,562

Samtals kr. 48,891.

F 632 15 07 4 US BOS K031

Tollur kr. 20,018

Vörugjald (XA) kr. 320

Virðisaukask (Ö1)	kr.	1,525
Virðisaukask(Ö2)	kr.	2,312
Dráttarv.(DRV)	kr.	22,491
Samtals	kr.	46,666.

F 632 17 08 4 US BOS K009

Tollur	kr.	3851
Vörugjald (XA)	kr.	640
Virðisaukask (Ö1)	kr.	- 123
Virðisaukask (Ö2)	kr.	1316
Dráttarv.(DRV)	kr.	5556
Samtals	kr.	11,240

F 632 22 06 4 US BOS K013

Tollur	kr.	8044
Vörugj (XA)	kr.	- 2130
Virðisaukask(Ö1)	kr.	- 4216
Virðisaukask(Ö2)	kr.	9144
Skilagj.(GF)	kr.	722
Vörugjald (XB)	kr.	576
Dráttarv (DRV)	kr.	13,108
Samtals	kr.	25,248

F 632 23 10 4 US BOS K037

Tollur	kr.	2505
Vörugj.(XA)	kr	300
Vörugj.XB)	kr	295
Virðisaukask(Ö1)	kr	- 3795
Virðisaukask(Ö2)	kr	7497
Skilagjald(GD)	kr	399



Dráttarv(DRV)	kr	7071
Samtals	kr	14,272

F 632 01 04 4 US BOS K029

Tollur	kr.	10,511
Vörugjald(XA)	kr	1440
Virðisaukask(Ö1)	kr	5896
Virðisaukask(Ö2)	kr	- 7390
Dráttarv(DRV)	kr	11,584
Samtals	kr.	22,041

F 632 02 06 4 US BOS K013

Tollur	kr.	21,353
Vörugjald(XA)	kr	2,080
Virðisaukask(Ö1)	kr	3,218
Virðisaukask(Ö2)	kr	352
Skilagjald(GF)	kr	542
Vörugjald(XB)	kr	448
Dráttarv(DRV)	kr	26,124
Samtals	kr	54,117

F 632 12 12 4 US BOS K044

Tollur	kr.	16,765
Vörugjald(XA)	kr	3200
Virðisaukask(Ö1)	kr	1253
Virðisaukask(Ö2)	kr	4409
Dráttarv(DRV)	kr	24,558
Samtals	kr.	50,185

F 632 24 09 4 US BOS K022

Tollur	kr.	45,235
Vörugjald(XA)	kr	27,360
Virðisaukask(Ö1)	kr	7,249
Virðisaukask(Ö2)	kr	5,199
Skilagjald(GF)	kr	217
Vörugjald (XB)	kr	184
Dráttarv(DRV)	kr	86,362
Samtals	kr	171,806

D 810 16 02 5 GB EMA 0832

Tollur	kr	36,050
Vörugjald(XA)	kr	6,540
Virðisaukask(Ö2)	kr	10,434
Dráttarv(DRV)	kr	48,033
Samtals	kr	101,057

S ARN 09 11 5 SE VAG J741

Tollur	kr	202,161
Vörugjald(XA)	kr	21,120
Virðisaukask(Ö1)	kr	-141,513
Skilagjald(GE)	kr	óbreytt
Vörugjald(XB)	kr	óbreytt
Virðisaukask(Ö2)	kr	302,351
Dráttarv(DRV)	kr	263,231
Samtals	kr	647,350

F 767 30 10 5 BE LGG 4815

Tollur	kr	00
Vörugjald(XA)	kr	208,720
Virðisaukask(Ö2)	kr	51,137

Dráttarv(DRV)	kr	183,031
Samtals	kr	442,888

Þar sem fyrrgreindar sendingar voru upphaflega tollafgreiddar fyrir 1. janúar 2006 gilda tollalög nr. 55/1987 um endurákvörðun aðflutningsgjalda, sbr. gildistökuákvæði nýrra tollalaga nr. 88/2005.

Eindagi viðbótarfjárhæðar þegar aðflutningsgjöld eru endurákvörðuð er tollafgreiðsludagur vörusendingar, sbr. 2. mgr. 108. gr. tollalaga nr. 55/1987.

Um dráttarvexti fer skv. 3. mgr. 108. gr. tollalaga 55/1987, en þar kemur fram að reikna skuli dráttarvexti á vangreidd aðflutningsgjöld frá og með eindaga og fram að greiðsludegi. Dráttarvextir skulu vera þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður skv. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.”

Þá er beðist velvirðingar á töfum sem orðið hafa afgreiðslu málsins og borið við önnur hjá embættinu.

Tollstjóri úrskurðar, með vísan til þess sem hér hefur verið rakið að vangreidd aðflutningsgjöld, ásamt dráttarvöxtum séu kr.1 774,516. og er innflytjanda gert að greiða þau.

Í kærinni er endurákvörðun tollstjóra mótmælt. Kærandi tilgreinir fundi sem hann átti með starfsmönnum tollstjóra og kveðst hafa framvísað öllum pappírurum sem starfsmenn tollstjóra fóru fram á að fá. Hann tilgreinir tvær sendingar sem hann telur að uppfylli skilyrði EUR tollmeðferðar en sendingar þessar eru F767 30 10 5 BE AEGG 4815 og S ARN 09 11 5 SE VAG F741.

Kærandi telur af og frá að hann sé rukkaður um dráttarvexti vegna tafa sem orðið hafa á málsmeðferð tollstjóra.

Hann kveðst hafa verið í miklu sambandi við starfsfólk tollstjóra út af sendingum frá fyrirtækinu NOW FOODS. Farið hafi verið yfir sendingarnar og margt tekið út úr þeim að beiðni Lyfjastofnunar af starfsmönnum tollstjóra í Hafnarfirði. Hann kveðst ekki hafa séð neina pappíra eða athugasemdir vegna þessa.

Þá segir að til margra ára hafi hann verið krafinn um greiðslu 24,5% virðisaukaskatts af vörum sem báru 7% virðisaukaskatts. Þegar hann óskaði leiðréttingar hafi því verið tekið fálega.

Í kærinni segir kærandi að hann hafi fengið fálegar móttökur af starfsmönnum tollstjóra og hann hafi sætt skilningsleysi hjá embættismönnum sem hafi þvælt málið frá upphafi til enda.

Kæran var send tollstjóra til umsagnar með bréfi þann 19. september 2008. Í svari sem barst ríkistollanefnd 20. október segir m.a. að í kæru sinni haldi kærandi því fram að hann hafi á fundi sem haldinn var þann 19. júní 2008 með tveimur starfsmönnum embættisins, lagt fram Euro 1 skírteini fyrir sendingu nr. F 767 30 10 5 BE LGG 4815 en það hafi ekki haft nein áhrif. Það rétta sé í málinu að eftir að Euro 1 skírteini hafði verið lagt fram af kæranda hafi álögðum tolli verið breytt í gegnum afgreiðslu 2 úr A-tolli, sem lagður hafði verið á við afgreiðslu 1 og í B-toll, sem sé í samræmi við upprunaskírteini það sem kærandi lagði fram. Þá hafi kæranda verið bent á, á ofangreindum fundi, að leggja inn andmæli sín við fyrirhugaðri endurákvörðun aðflutningsgjalda skriflega og hafi honum verið veittur til þess frestur til 30. júní 2008.

Þá segir í greinargerð tollstjóra að kærandi haldi því einnig fram að fyrir sendingu nr. S ARN 09 11 5 SE VAG J741 hafi legið fyrir vörureikningur með upprunavottorðsstimplun. Tollstjóri segir upprunavottorð ekki hafa neina þýðingu fyrir ofangreinda sendingu, þar sem aðflutningsgjöld af sendingunni séu endurákvörðuð vegna rangrar tollflokunar vörunnar.

Þar fyrir utan bendi kærandi á sendingu nr. D 810 16 02 5 GB EMA 0832 en man hins vegar ekki lengur hvaða andmæli hann vildi hafa uppi. Sú sending var, eins og fram kemur í úrskurði embættisins, rangt tollflokkuð og hefur nú með endurákvörðun aðflutningsgjalda af henni verið tollflokkuð rétt skv. túlkunarreglum við tollskrá.

Önnur andmæli eða rök varðandi tilteknar sendingar hefur kærandi ekki uppi.

Hvað varðar vöruskoðun, skjalaskoðun og annað sem kærandi bendir á í sambandi við tollafgreiðslu vörusendingar frá fyrirtækinu Now Foods, þá var hvorki framkvæmd vöruskoðun né gerðar athugasemdir vegna þeirra sendinga sem ofangreindur úrskurður tók til. Tollstjóri bendir á að starfsmenn hans hafi við önnur tilefni ítrekað leiðbeint kæranda um hvernig bæri að tollflokka þær sendingar sem honum bárust frá ofangreindu fyrirtæki. Þrátt fyrir fyrrnefndar leiðbeiningar hafi ekki verið um rétta tollflokun að ræða við tollafgreiðslu og þar af leiðandi hafi embættinu borið að leiðrétta ranga tollflokun í samræmi við tollskrá og túlkunarreglur við hana, það hafi verið gert með hinum kærða úrskurði.

Hvað varðar þá ábendingu kæranda að hann hafi verið látinn greiða 24,5% virðisaukaskatt af vörum sem eigi að bera 7% virðisaukaskatt og beiðni hans um leiðréttingu hafi ekki verið svarað segir tollstjóri að kærandi sé virðisaukaskattskyldur skv. 1. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt og því beri að innheimta virðisaukaskatt og skila honum til ríkissjóðs. Skattskyldum aðila ber að gera upp virðisaukaskatt við lok hvers tveggja mánaða uppgjörstímabils skv. 24. gr. laga nr. 50/1988. Uppgjör þetta sé skilgreint í 15. gr. laganna en þar segir að skattskyldir aðilar skv. 3. gr. laganna skuli greiða í ríkissjóð mismun útskatts og innskatts hvers uppgjörstímabils skv. 24. gr. laganna. Innskattur merkir þann virðisaukaskatt sem á tímabilinu fellur á kaup skattaðila á skattskyldum vörum og þjónustu til nota í rekstrinum. Skv. þessu hafi virðisaukaskattur sá sem lagður var á innflutning þegar verið gerður upp í slíku uppgjöri og reiknaður á móti þeim útskatti sem lá fyrir hjá innflytjanda í hvert skipti. Leiðrétting sé því ekki nauðsynleg.

Þá segir í greinargerðinni að kærandi gerir athugasemd við að dráttarvextir séu lagðir á endurákvörðuð aðflutningsgjöld og telji það ekki rétt þar sem tafir hafi orðið á meðferð málsins. Tollstjóri bendir á að meðferð málsins hafi tafðist að hluta til vegna þess að kærandi lagði ekki fram umbeðin gögn og bað starfsmann embættisins endurtekið um framlengingu frests. Eins og bent sé á í ofangreindum úrskurði fari um dráttarvexti skv. 3. mgr. 108. gr. tollalaga nr. 55/1987 en samkvæmt því ákvæði skuli reikna dráttarvexti á vangreidd aðflutningsgjöld frá og með eindaga og fram að greiðsludegi. Eindagi viðbótarfjárhæðar, þegar aðflutningsgjöld séu endurákvörðuð, sé tollafgreiðsludagur vörusendingar skv. 2. mgr. 108. gr. tollalaga nr. 55/1987. Dráttarvextir voru reiknaðir og lagðir á samkvæmt fyrrnefndum lagaákvæðum.

Að lokum segir í greinargerð tollstjóra að kærandi bendi á það í kæru sinni til ríkistollanefndar að meðferð máls hafi verið mjög skrítn. Hann hafi ekki talið ástæðu til þess að leggja fram skrifleg andmæli þar sem hann hafi á fundum með starfsmönnum embættisins lagt fram öll þau gögn sem beðið hafi verið um. Þar fyrir utan hafi hann talið þýðingarlaust að leggja fram skrifleg andmæli. Til svars þessu segir tollstjóri að samkvæmt 2. mgr. 99. tollalaga nr. 55/1987, nú 3. mgr. 114. gr. tollalaga nr. 88/2005, skuli tollstjóri tilkynna innflytjanda skriflega um að til endurákvörðunar geti komið og veita honum frest til að tjá sig skriflega um efni máls og eftir atvikum leggja fram gögn áður en úrskurður um endurákvörðun sé kveðinn upp. Kæranda hafi endurtekið verið bent á að andmæli hans þyrftu að berast embættinu skriflega, bæði símleiðis og á ofangreindum fundi, þar sem að embættinu væri annars óheimilt að taka tillit til þeirra andmæla sem hann hefði lagt fram munnlega. Þrátt fyrir

Þessar leiðbeiningar lagði kærandi ekki inn skrifleg andmæli gegn fyrirhuguðum úrskurði um endurákvörðun.

Tollstjóri vísar til hins kærða úrskurðar og krefst þess að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Kærandi var send greinargerð tollstjóra til umsagnar með ábyrgðarbréfi þann 20. október 2008. Nefndinni hefur ekki borist umsögn frá kæranda um greinargerð tollstjóra.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og nefndarmenn hafa kynnt sér þau gögn sem lögð hafa verið fram. Ágreiningur í máli þessu snýst um úrskurð tollstjóra um endurákvörðun aðflutningsgjalda af 15 sendingum vegna rangrar tollflokunar. Kærandi finnur að málsmeðferð tollstjóra og finnst hann órétti beittur og hann mótmælir töku dráttarvaxta við endurákvörðun aðflutningsgjalda.

Kröfur kæranda í máli þessu eru óljósar. Með kærinni fylgdu vörureikningar og nokkrar tollskýrslur. Engar upplýsingar um samsetningu og efnainnihald vörunnar er að finna í þessum gögnum. Einu upplýsingar sem nefndarmenn hafa yfir vöruna eru afrit af vörureikningum með heiti viðkomandi vöru. Nefndarmönnum er því óhægt um vik að fara efnislega yfir breytingar þær sem tollstjóri gerði á tollflokun vörunnar, en við lestur þeirra vöruheita sem endurákvörðað er af er það samdóma álit nefndarmanna að breytingar tollstjórans á tollflokun vörunnar séu trúverðugar og geti vel staðist. Þá ber að geta þess að engin efnisleg mótmæli koma fram af hálfu kæranda við breyttri tollflokun tollstjóra og endurákvörðun hans á tilgreindum 15 vörusendingum. Kærandi leggur heldur ekki fram nein gögn um efnisinnihald vörunnar, eins og áður sagði. Í ljósi framanritaðs fellst ríkistollanefnd á tollflokun tollstjóra á hinni innfluttu vöru. Þar sem tollstjóri lýsir því hins vegar yfir að hann hafi ítrekað farið yfir það með kæranda hvernig tollflokka bæri umræddar vörur hefði verið heppilegra að mati ríkistollanefndar að tollstjóri hefði á þeim tímapunkti bent kæranda skriflega á að leita Bindandi álits um tollflokun vöru. Með því hefði tollstjóri innt af hendi leiðbeiningarskyldu sína með óyggjandi hætti jafnframt því sem þá þegar hefði legið fyrir Bindandi álit um tollflokun vörunnar. Það ber hins vegar að ítreka það að skyldan og ábyrgð hvílir á innflytjanda að flytja vöruna inn með rétttri tollflokun og ef innflytjandi var í nokkrum vafa um tollflokun vörunnar, bar honum sjálfum að leita eftir Bindandi áliti um tollflokun vöru.

Hvað varðar kvörtun kæranda vegna upprunavottorðs í tveimur tilvikum leggur hann ekkert fram um það heldur en tollstjóri gerir grein fyrir málinu, þ.e. að upprunavottorð sem kom fram síðar hafi verið lagt til grundvallar í öðru tilviki, en í hinu tilvikinu hefði ágreiningurinn ekki snúist um uppruna vöru heldur tollflokun hennar.

Kærandi segir í kærðu sinni til ríkistollanefndar að á sér hafi verið brotið og gjöld oftekin, þ.e. 24,5% virðisaukaskattur í stað 7% án þess að styðja það með neinum gögnum. Tollstjóri gerir grein fyrir því að rétt gjöld hafi verið greidd þegar upp var staðið.

Þá mótmælir kærandi því að dráttarvextir séu reiknaðir þar sem málsmeðferð tollstjóra hafi tekið óeðlilega langan tíma. Í greinargerð tollstjóra er vikið að þessari ásökun. Þar er því haldið fram að sá langi tími sem það tók embættið að endurákvörða gjöld hafi m.a. stafað af því að kærandi hafi ítrekað beðið um lengri frest og hafi ekki lagt fram umbeðin gögn. Ef litið er til þess tíma sem líður frá því að tollstjóri boðar hugsanlega endurákvörðun gjalda með bréfi dags. 6. júní 2008 til úrskurðar tollstjóra dags. 12. ágúst s.l. verður ekki fallist á að málið hafi tekið óeðlilega langan tíma. Það er hins vegar mat ríkistollanefndar að þrátt fyrir að þær vörusendingar sem endurákvörðunin tekur til hafi verið fluttar inn í tíð eldri laga beri í ljósi vilja löggjafans sem speglast í núgildandi tollalögum sbr 1. mgr. 125. gr laga nr. 88/2005, og m.t.t. þess hve langt er um liðið frá því að núgildandi tollalög tóku gildi að miða útreikning dráttarvaxta við 6. júní 2008.

Nefndarmenn eru sammála um eftir að hafa farið yfir gögn málsins að staðfesta hina kærðu tollflokkun tollstjórans í Reykjavík með vísan til 1. og 6. liðar reglna um túlkun tollskrár og með hliðsjón af þeim gögnum sem lögð hafa verið fram. Úrskurður tollstjórans er því staðfestur að öðru leyti en því að reikna ber dráttarvexti frá 6. júní 2008, en ekki frá innflutningi vörunnar.

Samkvæmt framanrituðu kveður ríkistollanefnd upp svofelldan úrskurð með vísan til 1. mgr. 118. gr. og 1. mgr. 125. gr tollalaga nr. 88/2005 er hinn kærði úrskurður tollstjóra nr. 36/2008 staðfestur að öðru leyti en því að reikna ber dráttarvexti frá 6. júní 2008.